

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 93/97
frá 28. nóvember 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 50/96 frá 27. september 1996⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/129/EB frá 28. janúar 1997 þar sem mælt er
fyrir um auðkenningarkerfi fyrir umbúðafni samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og
ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 7. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB) í
XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„7a. **397 D 0129:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/129/EB frá 28. janúar 1997
þar sem mælt er fyrir um auðkenningarkerfi fyrir umbúðafni samkvæmt
tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang
(Stjttíð. EB nr. L 50, 20. 2. 1997, bls. 28).”.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 21, 23. 1. 1997, bls. 4 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 4, 23. 1. 1997, bls. 16.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 50, 20. 2. 1997, bls. 28.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/129/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner